

**BYGGINGARLÝSING**

**ALMENN LÝSING**  
Sótt er um leyfi til að reisa tímabundna starfsmannaaðstöðu á lóð (Brúarvirkjun - lóð 4) í landi Brúar, Bláskógabyggð.

Landnúmer: 167070  
Staðgreinir: sjá byggingarfulltrúi  
Fastanúmer: sjá byggingarfulltrúi  
Nýtingarhlutfall: 0,0063

**Stærðir:**  
Brúttóflötur: 133,9 m²  
Brúttórúmmál: 381,6 m³  
Birt flatarmál: 133,9 m²  
Skiptarúmmál: 318 m³  
Stærð lóðar: 21.300 m² (2,13 ha)

**LÓÐ, AÐKOMA, BÍLASTÆÐI**

Aðkoma er að starfsmannaaðstöðu eftir aðkomuvegi sem liggur úr vestri. Búið er að jafna stórt svæði á lóð fyrir aðstöðusköpun á svæðinu, starfsmannaaðstaða sem hér um ræðir er í suðausturenda lóðar. Sex bílastæði tilheyra starfsmannaaðstöðu. Aðstaða til að geyma og flokka sarp er sunnan við starfsmannabúðir. Aðkoma sjúkra-, slökkvi- og sorphreinsunarbíla er að vinnubúðum á alla vegu. Inntök rafagna á lóðamörkum er við aðkomuveg.

**STARFSEMI:**

Byggingin er ætluð sem svefnskáli, íverurými og skrifstofa fyrir starfsmenn verkkaupa meðan á framkvæmdum við Brúarvirkjun standur, sem er áætlað um 2 ár. Byggingin er tímabundin og verður fjarlægð að framkvæmdum loknum.

Gengið er inn í bygginguna í anddyri, framan við útihurð er pallur. Í byggingunni eru þrjú svefnherbergi með sér snyrtingu. Á snyrtingum er sturta, handlaug og salerni. Í byggingunni er einnig skrifstofa og íverurými. Inn af íverurými er sameiginleg snyrting og kaffieldhús, einnig ræstiskápur með ræstivask. Ekki er gert ráð fyrir að fatlaðir starfsmenn noti bygginguna eðli starfsseminnar vegna. Þess vegna verður kröfum um aðgengi allra ekki mætt í þessari byggingu.

**LÝSING Á MANNVIRKI**

Burðarvirki: Byggingin er samsett úr fjöldaframleiddum stálgámum, samtals 6 einingar. Gámarnir eru settir ofan á berandi sökkuleiningar úr forsteyptum einingum og festir saman með sérstökum klæmum á öllum hornum við gólf- og loftplötu. Stálrammi er gerður úr kaldvölsuðu prófllstáli og minni milliprófilar í ramma. Prófilrammar veggja, gólfa og þaka eru boltaðir saman á hornum.

Byggingarhlutar uppfylla kröfu byggingarreglugerðar um einangrunargildi byggingarhluta.

**U-gildi:**

Útveggir: 0,35 w/m² K  
Gólf: 0,36 w/m² K  
Þak: 0,23 w/m² K  
Gluggar: 1,10 w/m² K  
Hurðir: 1,90 w/m² K


Ytri og innri frágangur: Útveggjaeiningar; veggir, þak og gólf eru einangraðar með steinull og klæddar að utan með 0,6 mm galvaniseraðri stálplötu. Vatnshalli er á þaki en engar þakrennur né niðurföll. Gluggar eru plastgluggar og útihurð er úr stáli, allt gler er gasfyllt einangrunargler. Gluggaopnun er þannig að opnanlegt fag er bæði botnfest til að gluggi opnast inn og hlíðarhengt til að hægt sé að opna út og nota sem björgunarop. Gámaeiningar koma í lit RAL 5010 (bláir).

Útveggjaeiningar eru klæddar að innan með hvítmálaláðri stálplötu. Loftaeiningar eru klæddar með gipsplötum og stálþíli. Gólf eru klædd að innan með sementsbundnum plötum, þar ofan á kemur vinygólfdúkur. Innveggir eru byggðir upp með 40 mm timburgrind klæddir 10 mm harðpressuðum plötum á báða vegu. Innihurðir eru stálhurðir.

Gólfkóti byggingar verður í kóta 00,00, hæð á gólfi verður u.þ.b. 15 cm hærra en lóð við inngang.

Inntök, rafmagn, fjarskipti og lýsing:  
Inntak rafmagns og fjarskiptalagna, liggur inn í húsið í fyrsta gám og síðan er tengt á milli gáma með sk. slauðu í greinatöflu sem er staðsett í hverri gámaeiningu. Gámar koma fullbúnar með töflum, rafögnum, rofum og tenglum, rafmagnsofnum og döðrum búnaði. Inntök vatnsveitu er í andyri.

Lýsing er fullnægjandi og kemur með stöðluð gámaeiningum.  
Frárensli: Skólpi er veitt í 3000 l rotþró, staðsetning rotþróar á lóð er sunnan við vinnubúðir.  
Lofttræsing og hitun: Öll rými í húsinu eru með aðgengi að gluggum nema á snyrtingum á herbergjum, þar er vélræn lofttræsing (170 m³/h) sem fer í röri meðfram langvegg út um útvegg. Rafmagnsofnar eru í öllum rýmum.



**Afstöðumynd**

1 : 500

**BRUNAVARNIR**  
Brunavarnir eru hannaðar af EFLU eins og hér er lýst. Notkunarflokkur og forsendur  
Vinnubúðir með svefnaðstöðu í notkunarflokki 4. Brunavarnir eru hannaðar skv. kröfum fyrir einbýlishús í notkunarflokki 3 þar sem fjöldi svefnpláss er innan við 10 sbr. byggingarreglugerð gr. 9.1.4. Til viðbótar er viðvornarbúnaður umfram kröfur NF3.

Notkunarskilmálar vegna brunavarna  
Hámarksfólksfjöldi í gistingu er 3 manns.  
Brunaálag skal vera undir 800 MJ/m².  
Sjálfvirk brunaviðvörðun

Í byggingunni allri verður kerfi samtengdra reykskjynjara. Skynjarar með innbyggðum hljóðgjöfum verða í öllum svefnherbergjum og íverurými og skulu allir hljóðgjafar gefa hljóðmerki við eldboð hvar sem er í húsinu. Handboði verður við útidyr.  
Handslökkvitækni skv. ÍST EN 3 skulu að lágmarki vera:  
• Eitt 9L léttvatnstæki með slökkvigtu a.m.k. 21A og 144B við útidyr.  
• Eitt 6L léttvatnstæki með slökkvigtu a.m.k. 21A og 144B í íverurými framan við eldhús.

Merkjia skal staðsetningu handslökkvitækja með viðeigandi skiltum.  
Slökkviteppi skal vera í eldhúsi.  
Neyðarlýsing og leiðarmerkingar  
Útljós verða við útidyr og við dyr að anddyri eins og teikning sýnir.

**Flóttaleiðir**

Flóttaleiðir eru um útidyr og um björgunarop á eftirtöldum stöðum:

Eitt BO á hverju svefnherbergi og á skrifstofu  
Eitt BO í innsta glugga á herbergjagangi  
Tvö BO innst í íverurými.  
Allar hurðir í flóttaleið og björgunarop skal vera hægt að opna innan frá án lykils eða verkfæra.

**Klæðningar**

Loft- og veggklæðingar verða ýmist í flokki 1 (K<sub>10</sub> B-s1,d0 skv. EN 13501-1) eða flokki 2 (K<sub>10</sub> D-s2,d0).  
Útveggir og þök  
Útveggir og þak verða úr óbrennanlegum efnum.  
Einangrun er óbrennanleg.  
Þakklæðning er í flokki B (roof) (t2) skv. ÍST EN 13501-5.  
Brunahöfufun

Byggingin er án brunahöfunar.  
Burðarvirki við bruna  
Brunamótstaða burðarvirkja skal uppfylla R30.  
Viðhald brunavarna  
Gerður verður þjónustusamningur um eftirrit og viðhald á brunaviðvornarkerfi, útljósom og handslökkvitækjum.



ADALHÖNNUÐUR

Útg.	Dags.	Skýring	Br.af:	Yfirf.

Hnitaskrá		
Nafn	X (Austur)	Y (Norður)
037	439713.7	424965.7
036	439817.2	424897.3
035	439807.3	424882.5
034	439908.9	424812.7
033	439818.4	424763.2
032	439763.3	424801.1
031	439761.7	424815.8
030	439659.3	424883.6

HNIT Í ISNET 93



**Brúarvirkjun**  
Lóð 4 Brú, 801 Selfoss  
Vinnubúðir

Aðaluppráttur  
Afstöðumynd - Byggingalýsing **3404**

TEKNINÚMÉR	BLADSTÆRÐ	HANNAÐ:	AKH
4432-001	A2	TEKNAD:	HJG
xx_0_02_01		YFIRFARID:	BB
DAGS.	MÆLIKVARÐI	ÚTGÁFA	
16.10.2017	Sýndur á teikningu		

SAMPYKKT:  
KENNITALA: *Steinunn Þorgerður Paulsdóttir 150964-5989*